



Ágæti sjóðfélagi!

Afkoma sjóðsins á fyrri árshelmingi 2007 var góð en á síðari helmingi ársins tóku verðbréfamarkaðir að lækka samfara erfiðleikum á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum og lausafjárþurrð sem fylgdi í kjölfarið.

Starfsemi 2007

Ávöxtun 7,0%

Ávöxtun á árinu 2007 var 7,0% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum var 7,0% sem samsvarar 1,1% raunávöxtun. Ávöxtun sjóðsins hefur verið sérstaklega góð á fjórum af undanfönum fimm árum og hefur 5 ára meðalraunávöxtun sjóðsins aldrei verið hærrí eða 10,6%. Þá er meðalraunávöxtun síðustu 10 ára 6,9%.

Innlenda skuldabréfasafnið sýndi bestu ávöxtun eignaflokka á liðnu ári eða 5,1% raunávöxtun. Innlendu hlutabréfin sýndu góða ávöxtun á liðnu ári í samanburði við Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar og var nafnávöxtun þeirra 6,9% og raunávöxtun 1,0%. Til samanburðar lækkaði Úrvalsvísitala Kauphallarinnar um 1,4% á árinu 2007. Uppsöfnuð umframávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 11 árin samanborið við Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar er 102,0%. Árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfaeignarinnar síðustu 28 árin er 19,5%. Gengisvarnir drógu úr neikvæðum áhrifum styrkingar íslensku krónunnar.

Eignir 269 milljarðar og hækkuðu um 12%

Heildareignir námu 269,1 milljarði í árslok sem er aukning um 28,7 milljarða á árinu eða um 12%. Alls greiddu 51.512 sjóðfélagar til sjóðsins sem er fjölgun um 3% milli ára og 7.252 fyrirtæki greiddu til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldgreiðslur til sameignardeildar námu 15,6 milljörðum sem er aukning um 22% frá fyrra ári, en á árinu hækkaði kjarasamningsbundið iðgjald úr 11% í 12%.

Lífeyrisgreiðslur 4,1 milljarður

Á árinu 2007 nutu 8.103 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 4,1 milljarður. Lífeyrisþegum fjölgaði um 5,5% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 20,7%. Þar af voru greiðslur til lífeyrisþega hækkaðar um 7% í ársbyrjun 2007 í ljósi góðrar raunávöxtunar sjóðsins.

Lánveitingar og verðbréfavíðskipti 55,6 milljarðar

Á liðnu ári var 55,6 milljörðum ráðstafað til lánveitinga og verðbréfaþauka. Lánveitingar til sjóðfélaga og önnur fasteignaveðtryggð lán námu 5,2 milljörðum og keypt voru skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 15 milljarða. Kaup á markaðsverðbréfum banka og sparisjóða námu 2,1 milljarði og fyrirtækja 1,4 milljörðum. Seld voru skuldabréf að fjárhæð 1,7 milljarðar. Kaup innlendra hlutabréfa námu 20,6 milljörðum og seld voru hlutabréf að fjárhæð 22,8 milljarðar. Fjárfest var í erlendum verðbréfum fyrir 11,3 milljarða.

framhald á bakhlið

Rekstrarkostnaður 0,05% af eignum

Rekstrarkostnaður nam 203 milljónum. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 133 milljónum sem er einungis 0,054% í hlutfalli af eignum eða 54 aurar fyrir hverjar 1.000 krónur.

Séreignardeildin – inneignir aukast um 16%

Inneignir séreignardeildar námu 6,5 milljörðum í árslok samanborið við 5,6 milljarða í árslok 2006 sem er aukning um 16%. Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum á liðnu ári var 7,0% sem svarar til 1,1% raunávöxtunar. Liðlega 40 þúsund einstaklingar áttu inneignir í séreignardeildinni í árslok.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er traust

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2007 námu eignir umfram heildarskuldbindingar 22,5 milljörðum eða 4,7%. Eignir sjóðsins umfram áfallnar skuldbindingar námu á sama tíma 48,6 milljörðum eða 21,8%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því traust og hefur sjóðurinn gott borð fyrir báru ef þróun á verðbréfamörkuðum verður óhagstæð á árinu 2008 en þegar þetta er ritað hafa hlutabréfamarkaðir lækkað nokkuð það sem af er ári bæði hérlendis og erlendis.

Staða lífeyrissjóðanna

Oft hefur borið á misskilningi varðandi starfsemi lífeyrissjóðanna og m.a. litið til þess að eignir sjóðanna séu það miklar að þeir geti greitt núverandi lífeyrisþegum hærrí lífeyri, eða ráðstafað fjármunum til annarra verkefna en lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga.

Hafa þarf hugfast að lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði byggja alfarið á sjóðsöfnun og lúta ströngu eftirliti. Sjóðsöfnunin felur í sér að þeir verða á hverjum tíma að sýna fram á að þeir geti staðið við þau lífeyrisloforð sem þeir hafa lofað sjóðfélögum sínum vegna þeirra iðgjalda sem þeir hafa greitt til lífeyrissjóðanna. Líta má á hverja kynslóð, jafnvel hvern aldursárgang, sem sérstaka deild sem verður að standa undir sínum lífeyri þegar þar að kemur. Þannig verða þeir sem í dag eru ungir að geta treyst því að iðgjöldum þeirra sé ekki varið til þess að auka sérstaklega lífeyri þeirra sem nú eru á lífeyrisaldri.

Sjóðfélagavefur

Sjóðfélagar hafa beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín og stöðu lána á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins www.live.is

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er **notandanafn** og **lykilorð** sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín.

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 14. apríl kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Með kveðju,
Þorgeir Eyjólfsson forstjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA